

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á eggjum og eggjavörum, kjöti og kjötvörum og mjólk og mjólkurvörum frá Belgíu. Hún gildir einnig um innflutning á próteini og fitu sem unnin er úr framangreindum hráefnum og innflutning á unnum matvörum sem innihalda sömu hráefni. Auglýsingin gildir þó ekki um unnar vörur sem sannanlega innihalda innan við 2% af eggjum eða eggjavörum.

2. gr.

Auglýsingin er sett til að tryggja að afurðir úr dýrum sem fengu díoxínmengað fóður á tímabilinu 15. janúar til 1. júní 1999, eða unnar vörur úr þessum afurðum, séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði eða annarri staðfestingu belgískra yfirvalda um að þau séu ekki menguð með díoxíni. Ef ekki er unnt að leggja fram slíka staðfestingu er innflutningur vörunnar ekki heimill.

Ef vara sem auglýsing þessi tekur til er hér á markaði við gildistöku hennar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram staðfestingu skv. 1. mgr. og skal þá stöðva dreifingu vörunnar þar til hún liggur fyrir. Geti innflytjandi ekki staðfest að varan sé ekki menguð með díoxíni skal hún innkölluð.

4. gr.

Matvæli sem sannanlega eru framleidd eða unnin úr hráefni sem framleitt var fyrir 15. janúar 1999 eru undanþegin ákvæðum þessarar auglýsingar.

Komi upp ágreiningur um hvort tiltekin vara fellur undir ákvæði auglýsingarinnar skal eftir atvikum Hollustuvernd ríkisins eða embætti yfirdýralæknis skera úr um hvort leggja beri fram staðfestingu vegna efnainnihalds hennar. Heimilt er að kæra niðurstöðu Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðherra og yfirdýralæknis til landbúnaðarráðherra. Þá er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum auglýsingarinnar fyrir unnin (samsett) matvæli þar sem kjöt eða kjötvörur og mjólk eða mjólkurvörur eru eitt af hráefnunum. Slíkar undanþágur skal þó aðeins veita ef sannað þykir að þessi hráefni séu ekki menguð með díoxíni.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsingin er birt skv. 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. júní 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.